

## Lög

um

## slysatrygging sjómanna.

Nr. 84.  
14. nóvbr.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Skylt skal að tryggja gegn slysum (sbr. 6. gr.) hjerlenda sjómenn, þá er hjer greinir:

1. farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip,
2. fiskimenn á vjelbátum og róðrabátum, fjórrónum eða stærri, er stunda fiskveiðar eina vertíð á ári eða lengur.

## 2. gr.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir skipverja samkvæmt 1. gr., hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrabát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar, stjórn þeirri, sem nefnd er í 9. gr. laga þessara.

## 3. gr.

Fyrir hvern, sem trygður er samkvæmt lögum þessum, er skylt að greiða í slysatryggingarsjóð þann, er síðar getur um, idgjald, er nemur 70 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast idgjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Annan helming idgjaldsins greiði sá, sem trygður er, en útgerðarmaður hinn. Þó skulu útgerðarmenn róðrabáta að eins greiða 10 aura vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem eru minni en 12 lestir, að eins 20 aura, en það, sem á vantar fult idgjald (25 aura eða 15 aura á viku fyrir hvern), greiðist úr landssjóði. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra idgjöldin, bæði sinn hluta og hluta skipverjanna; þann hluta idgjaldanna, sem útgerðarmaður hefir goldið fyrir hönd skipverja, fær hann endurgreiddan af kaupum þeirra eða hlut. Gjald þetta greiðist þegar lögskráning fer fram, og má taka það lögtaki. — Formaður vjelbáts eða róðrabáts greiðir idgjöldin fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.), gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum skipverjanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar idgjöldunum í slysatryggingarsjóð, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Honum ber 3 % í innheimtulaun af skipum, sem lögskráð er á, og 6 % af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir, og gengur helmingur gjaldsins til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

Nr. 84.

4. gr.

14. nóvbr.

Nú forfallast slysaftrygður skipverji og gengur ótrygður maður í skipprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skipprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldsgreiðslu.

5. gr.

Þeir, sem stunda fiskveiðar á róðrabátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögnum, hafa rjett til þess að tryggja sig í slysaftryggingarsjóði á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn 35 auru iðgjaldi á viku, og greiðist þá einnig úr landsjóði 35 aurar á viku fyrir hvern þeirra.

6. gr.

Verði sjómaður fyrir slysi á sjó á vátryggingartímabilinu, eða þegar hann er á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfan sig, í erindum, sem leiða af starfi hans sem sjómanns, skal úr slysaftryggingarsjóði greiða upphæðir þær, er hjer segir.

- Verði sá, er fyrir slysi varð, að lækni dómi algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, ber að greiða honum 2000 krónur, en að því skapi lægri upphæð, sem minna skortir á, að hanns sje til fulls vinnufær, og ekkert, ef minna skortir en að  $\frac{1}{5}$  hluta.
- Valdi slysið dauða innan eins árs frá því að slysið varð, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum 1500 kr.

Rjett til skaðabótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

- Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og samvistum þeirra hafi þá eigi verið slitið.
- Börn hins látna, skilgetin og óskilgetin, hafi á honum hvílt framfærslu- eða meðgjafarskylda gagnvart þeim.
- Foreldrar hins látna.
- Systkin hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Hljóti ekkja skaðabæturnar, skal að auki greiða 100 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 200 kr., er ekkja fær skaðabæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 100 kr. í viðbót; þó skal engin viðbótarpuppæð greidd ef eitt barn fær skaðabæturnar.

Frá skaðabótunum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þá upphæð, er greidd hefir verið þeim sjálfum, er fyrir slysinu varð, samkvæmt a-lið.

Enginn skuldeimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt skaðabætur þær, er greiddar eru samkvæmt þessum lögum, og ekki má leggja á þær lög-hald nje í þeim gera fjárnám eða lögtak.

7. gr.

Skaðabótakrafa skal, svo fljótt sem auðið er, send sýslumanni (bæjarfógeta) eða hreppstjóra, áleiðis til sýslumanns, í síðasta lagi innan árs frá því er slysið varð eða hlutaðeigandi vandamenn fengu vitneskju um það. Sýslumaður (bæjarfógeti) skal svo senda kröfuna hið fyrsta til stjórnar slysaftryggingarsjóðsins, ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

8. gr.

Undir eins og stjórn slysaftryggingarsjóðsins hafa borist nægar upplýsingar um slysið, úrskurðar hún, hvort greiða skuli skaðabætur fyrir það og ákveður upphæð skaðabótanna. Úrskurðir sjóðsstjórnarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

9. gr.

Nr. 84.

Slysaftryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 14. nóvbr. 3 ára í senn. Stjórnarráðið hefir yfirumsjón með stjórn sjóðsins. Kostnaðurinn við stjórn sjóðsins greiðist úr landssjóði.

10. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 30000 kr., að slysaftryggingarsjóðurinn standi í skilum. Slysaftryggingarsjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 53, 30. júlí 1909. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

11. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar slysaftryggingarsjóðsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í slysaftryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 14. nóvember 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Sigurður Jónsson.